

Hér með gera Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit með sér eftirfarandi

## SAMSTARFSSAMNING UM ÝMIS MÁLEFNI Á SVIÐI FÉLAGS- OG ÍÞRÓTTAMÁLA

### **1. gr.**

Á vegum félagsmálaráðs Akraness er rekin félagsleg heimaþjónusta. Aðilar samnings þessa eru sammála um að í þeim tilvikum sem Akraneskaupstaður skipuleggur fræðslu fyrir starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu, standi slík fræðsla starfsfólk Hvalfjarðarsveitar til boða. Kostnaði vegna slíkrar fræðslu skal skipt niður á þáttakendur og sveitarfélögin greiði þann kostnað í samræmi við fjölda þáttakenda frá þeim.

### **2. gr.**

Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit reka sameiginlega á Akranesi mannvirki til félagsstarfs unglings og íþróttamannvirki fyrir almenning og íþróttafélög. Íbúar beggja sveitarfélaganna hafi sama aðgengi að þjónustunni sem þar er rekin.

### **3. gr.**

Kostnaðarbátttaka Hvalfjarðarsveitar í rekstri ofangreindra mannvirkja á Akranesi er ákveðin sem 2,0% af árlegum kostnaði við rekstur íþróttamiðstöðvarinnar við Jaðarsbakka og rekstur Akraneshallarinnar. Með árlegum kostnaði í þessum samningi er átt við heildargjöld að frádregnum sértekjum.

### **4. gr.**

Akraneskaupstaður hefur tekið upp úthlutunarreglur vegna tómstundastarfs barna og unglings á grunnskólaaldri með það í huga að gera viðkomandi aldurshóp betur kleift að stunda íþróttir sem í boði eru á vegum íþróttalagans með niðurgreiðslu æfinga- eða þáttökugjalda. Einnig er í gildi samningur á milli íþróttahreyfingarinnar (ÍA) og Akraneskaupstaðar um úthlutun styrkja vegna barna- og unglingastarfs á Akranesi.

Aðilar samnings þessa eru sammála um að íbúar Hvalfjarðarsveitar í viðkomandi aldurshópi falli undir ofangreindar reglur. Uppgjör vegna þáttöku barna og unglings í Hvalfjarðarsveit skal fara fram í tengslum við uppgjör á styrkjum í samræmi við þær reglur sem gilda um úthlutun styrkja, svo og þegar uppgjör fer fram við félögin á grundvelli ákvæða 1. mgr.

Taki Hvalfjarðarsveit upp sambærilegar reglur vegna styrkja til barna og unglings skuldbindur Akraneskaupstaður sig til að greiða sambærilega styrki vegna þeirra sem taka þátt í starfi tómstunda- og íþróttafélaga í Hvalfjarðarsveit.

### **5. gr.**

Í tengslum við fjarhagsáætlunargerð bæjarsjóðs Akraneskaupstaðar skal Hvalfjarðarsveit kynnt áætluð framlög til ofangreindra íþróttamannvirkja. Að samþykkti fjarhagsáætlun Akraneskaupstaðar skal áætlaðri kostnaðarþáttöku Hvalfjarðarsveitar skipt í fjóra jafna hluta og innheimt í febrúar, maí, ágúst og nóvember. Endanlegt uppgjör kostnaðarþáttöku Hvalfjarðarsveitar skal fara fram þegar endurskoðaðir ársreikningar Akraneskaupstaðar liggja fyrir.

**6. gr.**

Hvor samningsaðili um sig getur skriflega óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa með 6 mánaða fyrirvara, eða sagt honum skriflega upp með 12 mánaða fyrirvara og skal uppsögn þá miðast við áramót.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2008. Réttindi og skyldur aðila samkvæmt eldri samningi frá 12. maí 2006 skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessa samnings, en eldri samningur fellur niður við gildistöku þessa samnings, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

Akranesi, 20. desember 2007,

F.h. Akraneskaupstaðar:

F.h. Hvalfjarðarsveitar:

Káren Jónsdóttir  
Akranes  
F. h. Akraneskaupstaðar

Einar Þórður  
Hallfreður Ólafsson  
F. h. Hvalfjarðarsveitar